




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Sæborg

2025– 2026





Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	8
4	Innra mat Brúarenda 2024-2025	11
5	Umbótaáætlun Brúarenda 2025-2026	14
6	Umbótaáætlun Suðurhlíðar.....	17
7	Innra mat Lambhóls 2024-2025	19
8	Umbótaáætlun Lambhóls.....	21
9	Innra mat Garða	24
10	Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans.	28
11	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.....	28
12	Foreldrasamvinna.....	28
13	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	29
14	Fylgiskjöl	29





1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2024-2025 gekk í það heila vel í Sæborg. Eftir faliðunarferli árið áður komst meiri stöðugleiki á í skólanum. Þó hætti einn deildarstjóri störfum og um tíma leit út fyrir að ekki yrði hægt að taka á móti börnum á yngstu deildina, en í ágúst tókst að ráða í stöðuna. Alltaf er einhver hreyfing á starfsfólki, fáeinir hættu og aðrir bættust í hópinn. Það telst til tíðinda að í vor byrjuðu hjá okkur leikskólakennari og einnig danskennari sem er að bæta við sig námi í menntunarfræði ungra barna.

Sæborg bauðst að taka þátt í verkefni sem kallast Leikskólaverkefnið, sem mannauðsráðgjafar hjá Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar halda utan um. Markmið verkefnisins er að bæta starfsumhverfi, minnka álag og auka starfsánægju í leikskólum. Skólastjórnendur fengu fræðslu um ýmislegt; t.d. mannauðsmál, stjórnun og skipulag. Einnig fengu deildarstjórar og sérkennslustjóri 5 námskeið og fyrirlestra um t.d. stjórnendahlutverkið og samskipti, sem var frábært, því þeim hópi gefst ekki oft tækifæri til að fá sameiginlega fræðslu. Leikskólastjórnendur fóru í gegnum forystunám Reykjavíkur og 2 starfsmenn tóku þátt í Íslenskuþorpi Menntafléttu HÍ á þessu skólaári. Aðstoðarskólastjóri og sérkennslustjóri fóru saman á námskeið í Amsterdam í mars og undirrituð á sama námskeið í Barcelona í apríl. Námskeiðið bar yfirskriftina Art as a Therapy og tónaði vel við Reggio Emilia stefnuna og hæglæti.

Við vorum með nema í leikskólafræðum frá HÍ í nokkrar vikur í vetur og einnig nema frá Frakklandi sem var með okkur í tvo mánuði. Að auki fengum við nokkrum sinnum til okkar gesti; kennara frá öðrum skólum, íslenska og erlenda.

Elsti árgangur tók þátt í Barnamenningarhátíð þetta árið og söng á stórum tónleikum í Hörpu, sem var mjög vel heppnað og skemmtilegt. Eitt barn var í verkefninu Velkomin í hverfið, sem er ætlað fjölskyldum sem eru nýlega fluttar til landsins og er á vegum Reykjavíkurborgar.

Rauði þráðurinn í leikskólastarfinu þetta skólaár hefur verið áhersla á flæði og hæglæti og er það okkar mat að okkur hafi tekist vel til í því að gefa börnunum tíma og rými til að gleyma sér í leik. Starfsfólk er óþreytandi við að setja upp fjölbreyttar leik kveikjur á torginu og inni á deildum; málningu, leir, ljósaborð og alls kyns fjölbreyttan efnivið annan. Flæðið okkar hefur vakið áhuga gesta og alltaf fjölgar fylgjendum okkar á Instagram síðu Sæborgar, þar sem kennarar eru duglegir setja inn myndir úr starfinu.

Samstarf við foreldra hefur verið gott, eins og alltaf og þeim er boðið sérstaklega til okkar nokkrum sinnum á ári; s.s. í skapandi jólastund í desember, fjölskyldukaffi í febrúar/mars og á sumarhátíð júní. Kynningarfundir deilda eru haldnir fyrir foreldra að hausti og foreldrasamtöl eru tvisvar á ári.





Á komandi skólaári ætlum við að halda áfram að leggja aðaláherslu á flæði og hæglæti, auk þess ætlum við að leggja meiri áherslu á útikennslu. Einnig verður áhersla á að klára að uppfæra námskrá Sæborgar og mál- og læsisstefnu.

Haustið lítur ágætlega út hvað mönnun varðar en í skólanum verða líklega fleiri börn en starfsleyfið segir til um, m.a. vegna húsnæðisvanda leikskólanna í Vesturbænum. Það verður því þröngt um okkur og við munum þurfa að sýna útsjónarsemi í hópaskiptingum og öðru skipulagi.

Hafdís Svansdóttir, leikskólastjóri í Sæborg





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat

Hvað var metið? Upplýsingar til foreldra	
Hvernig fór matið fram?	Umræðumat á stjórnendafundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Ætlunin var að senda út foreldrakönnun, en það náðist ekki. Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar gefur okkur hins vegar ágæta mynd af þessu
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	-Sjá fylgiskjal 2

Hvað var metið? Flæði	
Hvernig fór matið fram?	Umræðumat á deildar- og starfsmannafundum. Viðtal við 2 barnahópa.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Börn og starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Vel gekk að mati starfsfólks og barna. Fleira starfsfólk var virkjað í að undirbúa flæði og börnin tóku meiri þátt í undirbúningi. -Sjá fylgiskjal 5

Hvað var metið? Hæglæti	
Hvernig fór matið fram?	Umræðumat á deildar-, stjórnenda- og starfsmannafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk





Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Að brjóta daginn eins lítið upp og mögulegt er, gekk betur en áður. Allar deildir lögðu áherslu á fámennari hópa og á eldri deildunum var annar hópurinn í leik úti, meðan hinn var í leik inni. Gestir sem komu til okkar töluðu um að rólegt væri í skólanum. Við munum halda áfram að leggja áherslu á hæglæti og festa það enn meira í sessi.
---	---

Hvað var metið?	
Teymisvinna	
Hvernig fór matið fram?	Umræðumat á starfsmannafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Okkur tókst ekki að gera teymisvinnu nógu markvissa. Munum halda áfram á næsta skólaári

Hvað var metið?	
Samvinna milli deilda	
Hvernig fór matið fram?	Umræðumat á stjórnenda-, deildar- og starfsmannafundum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Vel gekk að auka samvinnu á milli deilda þegar kemur að því skipuleggja daginn. Getum samt gert enn betur t.d. með því að horfa meira á okkur sem einn skóla, en ekki bara 4 deildir.

Hvað var metið?	
Matsteymi	
Hvernig fór matið fram?	Ekki tókst að gera teymisvinnu markvissa á skólaárinu.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Sjá hér að ofan





Helstu niðurstöður mats
(styrkleikar og tækifæri til umbóta)

Ekki tókst að virkja matsteymi í vetur, en við ætlum að gera betur á næsta skólaári.

Ytra mat

Hvað var metið?

Hvernig fór matið fram?

Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar

Hverjir tóku þátt í matinu?
(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)

Foreldrar

Helstu niðurstöður mats
(styrkleikar og tækifæri til umbóta)

-Sjá fylgiskjal 2 : Helstu niðurstöður foreldrakönnunar





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Flæði og hæglæti
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Við viljum festa flæði og hæglæti enn frekar í sessi í Sæborg
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gefa börnunum tíma í leik eins og hægt er, skipta barnahópnum í minni hópa.
Ábyrgð	Leikskólastjórnendur og deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Frá október til apríl
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ætlum að meta í nóvember og apríl. Umræðumat starfsfólks á starfsmannafundum, rýnihópur barna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnum og starfsfólki líði vel í Sæborg.





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Útikennsla
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að útikennsla í Sæborg verði markvissari, á eldri deildum til að byrja með.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Leikskólakennari mun halda utan um útikennslu á Brúarenda og Suðurhlíð til að byrja með og sinna henni í samvinnu við deildarstjóra og starfsfólk deildanna.
Ábyrgð	Verkefnastjóri útikennslu
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September til maí
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræðumat á stjórnendafundum. Spurningakönnun til foreldra á Brúarenda og Suðurhlíð. Samtal við börn.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að útikennsla verði hluti af starfinu í Sæborg.





Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	3.1.1 Teymisvinna/Lærdómssamfélög
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að Flæðis og sköpunarteymi-, Læsis- og Matsteymi verði starfandi við skólann.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að hvert teymi hittist á 4-6 vikna fresti og fundi, svipað og lærdómssamfélög gera, með fyrir fram ákveðnu efni og umræðum.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Frá hausti til vors
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræðumat á deildar- og starfsmannafundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að teymisfundirnir séu haldnir reglulega og fundargerðir skrifaðar. Að efni sem tekin eru fyrir á fundunum skili sér inn í daglegt starf.



4 Innra mat Brúarenda 2024-2025

Í haust sameinuðust á Brúarenda tuttugu og tvö börn af tveimur deildum. Tvær stelpur fæddar 2019 og níu strákar, átta stelpur fæddar 2020 og tveir strákar. Í febrúar bættist stelpa við, fædd 2019. Elsta barnið varð fimm ára í janúar 2025 og yngsta barnið fjögurra ára í lok nóvember 2024. Það var því mikill aldurs- og þroska munur í barnahópnum.

Aðaláherslan var í byrjun á það að styðja við félagsþroska barnanna og mynda liðsheild. Þar sem leikrýmið var takmarkað var ákveðið að skipta barnahópnum í tvennt í útiveru, þvert á aldurshópa. Þetta gaf þeim tækifæri til að kynnast vel og fá ró og næði í leik inni á deild. Eftir áramót voru svo hóparnir aldursskiptir. Það auðveldaði eldri hópnum að taka þátt í menningarlegum viðburðum og öðrum verkefnum sem elstu árgöngum leikskólanna stendur til boða ár hvert. Einnig bauð það yngri hópnum upp á aukna samveru með jafnöldrum á Suðurhlíð, en þar voru átta börn fædd 2020. Starfsfólk var virkt í að hvetja börnin til að sýna hvert öðru umburðarlyndi í leik, læra að setja sig í spor annara og setja mörk á viðeigandi hátt. Einnig voru þau minnt á að það sé eðlilegt að gera mistök og að kennarar séu til staðar til að aðstoða þau í leik og starfi. Stuðlað var að tilfinningalæsi barna á markvissan hátt. Lesnar voru allskonar bækur og athygli vakin á tilfinningum sögupersóna. Á þann hátt var stuðlað að auknum skilningi þeirra á tengslum milli hegðunar og tilfinninga og þar með orsök og afleiðingu. Sögurnar voru oft nýttar sem upphafspunktur í umræðum í barnahópnum og ýttu þær oft undir sjálfskoðun barnanna. Börn og kennarar reyndu að setja orð á tilfinningar sínar í margvíslegum aðstæðum. Atvik sem komu upp í barnahópnum voru rædd við börnin sjálf og foreldra, ef þess þurfti til þess að styðja við þroska og tilfinningalæsi barna. Í gegnum gott samstarf hafa börn eflst mikið í þessum samhengi. Það hefur gengið vel að mynda liðsheild í barnahópnum og virðingu fyrir mismunandi skoðunum, getu og styrkleikum. Börnin hafa flest lært að leika með ólíkum einstaklingum og þó þau lendi enn í árekstrum af og til eru þau oftast tilbúin að leita sjálf leiða til lausna eða biðja um aðstoð kennara.

Hin markmiðin voru að þróa könnunaraðferðina og útinám, efla tungumálanotkun barna og skráningagerð kennara. Ákveðið var að kynna könnunaraðferðina fyrir börnunum þar sem þau rannsaka sjálfvalið viðfangsefni. Eldri hópurinn rannsakaði pöddur en yngri hópurinn fugla. Rannsóknarferlið gaf tækifæri til að samþætta öll markmið okkar. Börnin lásu sögur um viðfangsefnið, lærðu lög tengd því, fóru í vettvangsferðir þar sem þau fengu að spjalla við sérfræðinga og nýttu skapandi leiðir til að tjá þekkingu sína. Það voru gerðar skráningar á ferlinu. Á þann hátt var hægt að efla forvitni barna um nærumhverfi sitt, stuðla að sjálfstæðri hugsun, auka orðaforða og máltjáningu og síðast en ekki síst sköpunargleði þeirra. Börnin voru afar stolt að miðla



nýrri þekkingu sinni í gegnum listsköpun og umræður. Ferlið gekk vonum framar en ákveðið var að tryggja betur að skráningar á leik- og námi barna komi inn jafn og þétt yfir árið.

Börnin nutu sín vel í leik og skapandi starfi inni á deild og sköpunargleðin blómstraði. Elsti árgangurinn tók þátt í barnamenningarhátíð í fyrsta skipti. Þau lærðu fjögur ný lög eftir Braga Valdimar Skúlason sem þau fluttu ásamt 350 öðrum leikskólabörnum í Eldborg í Hörpu. Eins og eitt barn orðaði það „Eldborg er stærsti salurinn í Hörpu, og Harpa er með stærsta salinn á Íslandi“. Þau lærðu mjög mikið í ferlinu, að það sem virðist vera erfitt fyrst er hægt að framkvæma með æfingum, að hópurinn styður við einstaklinginn, að hafa kjark til að koma fram upp á sviði og sjá hvaða áhrif þau geta haft á stóran foreldrahóp sem tók á móti þeim með brosi, gleðitárum og stolti. Orðaforðinn í lögnum leiddi til heimspekilegra og mikilvægra umræðna um réttlæti, fjölbreytileika, heimsfrið, ást og söknuð.

Elsti árgangurinn skipulagði útskriftarferðina sína, matinn, áfangastað og dagskrá og áttu góðan dag með kennurum sínum. Þau ákváðu einnig að semja leikrit fyrir útskriftina í ágúst og eru að vinna í búningagerð, setja upp sögusvið og verða leikritin svo tekin upp og sýnd í útskriftarathöfninni í ágúst. Yngri hópurinn sem fylgst hefur með ferlinu er nú þegar kominn með hugmyndir fyrir útskrift sína næsta vor og bíður spenntur eftir að taka á móti jafnöldrum frá Suðurhlíð í haust.

- Sulaksna Kumar (Ammu), deildarstjóri á Brúarenda.





Mat barna á Brúarenda á skólaárinu. Umræðumat í barnahópnum	
Hverjir tóku þátt í matinu?	Rýnihópar barna: 4 börn í eldri árganginum og 4 í yngri árganginum
Helstu niðurstöður mats	Á heildina litið voru börnin mjög sátt við það sem þau dags daglega gerðu í leikskólanum. Þeim fannst mest spennandi að leika sér inni en „stundum getur verið leiðinlegt að leika úti ef það er grenjandi rigning.“ Þau töldu sig hafa góðan skilning á reglunum og skildu af hverju kennara settu þessa reglur. Þeim fannst flestar reglurnar sanngjarnar en komu með tvær ábendingar. Eitt barn taldi það „erfitt að þurfa að bíða eftir plássi á torginu í matartímanum“ og hitt sagði „það er erfitt að vera alltaf að þvo hendurnar sínar“. Hin börnin í hópnum útskýrðu fyrir þeim og þau voru sátt við útskýringarnar. Þegar þau voru spurð hverju þau vildu breyta eða gera öðruvísi sögðu öll sem eitt „ekkert“ og í lokin sagði eitt barn „af hverju þarf að breyta því sem er gott?“





5 Umbótaáætlun Brúarenda 2025-2026

Brúarendi/4-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Félagsfærni (Að mynda liðsheild á deildinni)
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin læri góð samskipti, kunni að setja mörk á viðeigandi hátt og virða mörk annara.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nýta sögur og atvik til að kenna börnum að setja sig í spor annara, bera virðingu og bjóða fram hjálp. Veita hrós fyrir jákvæða hegðun.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Viðtöl við börn um samskipti og vináttutengsl inni á deild. Umræður í barnhópnum, deildarfundum og foreldrasamtölum, ígrundun skráninga.

Brúarendi/4-6 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Efla sjálfstæði og gagnrýna hugsun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börn æfi sig í sjálfsstjórn, séu meðvituð um reglur í leikskólanum, skilji mikilvægi þeirra og geti farið eftir þeim. Að börn læri að hugsa sjálfstætt. Taka ákvarðanir, bera ábyrgð á afleiðingunum og læri af reynslunni.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að endurtaka skýr skilaboð um reglur og væntingar um hegðun. Að nýta bókalestur og umræður til að efla gagnrýna hugsun, sjálfsskoðun og skilning Að vera í góðum samskiptum við foreldra með að aðstoða börnin í gegnum þroskaferli þeirra.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – Ágúst 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður með börnum, samtöl við foreldra og ígrundun skráninga. Umræður á deildarfundum.





Innra mat Suðurhlíðar 2024-2025

Undirrituð tók við deildarumsjón á Suðurhlíð eftir sumarlokun í ágúst. Í byrjun skólaársins voru sautján börn á deildinni, en fjölgaði í átján um áramót þegar einn drengur bættist við. Átta börn eru fædd árið 2020 og tíu börn fædd 2021. Alls tólf drengir og sex stúlkur. Byrjað var á endurskoðun dagskipulagsins og áhersla lögð á að gefa börnunum góðan tíma til aðlögunar.

Lögð var mikil áhersla á sjálfsefningu strax um haustið og starfsfólk var meðvitað um að börn þurfa að þroskast og verða sjálfstæð, með því að takast á við áskoranir. Þegar barn vill gefast upp (jafnvel án þess að reyna) og segir “ég get ekki” var það hvatt áfram með setningum eins og “Nei ekki ennþá, þú ert að æfa þig”. Stuðningur til sjálfshjálpar í öllum aðstæðum er því rauður þráður í starfinu.

Börnin hafa fengið þjálfun í að klæða sig sjálf fyrir útiveru, klæða sig úr eftir útiveru auk frágangs. Þau æfðust í að skammta sér sjálf á diskinn í matartímum, nota hnífapör, skera matinn og smyrja brauðið. Þetta hefur gengið vel og eru börnin orðin nokkuð sjálfbjarga en þurfa að sjálfsögðu áframhaldandi þjálfun og hvatningu. Það er lykilatriði að börnum sé treyst og gefinn tíma til sjálfsefningar á hverjum degi. Sú upplifun barns að geta bjargað sér sjálft er nauðsynleg og afar mikilvæg fyrir sjálfsmynd og sjálfstraust þess.

Með það í huga að “umhverfið er þriðji kennarinn” samkvæmt Reggio Emilia stefnunni var rými deildarinnar skoðað og aðlagð meira að þessum áhersluþætti. Umhverfið var t.d. gert líflegt og skemmtilegt með myndverkum barnanna. Við deildum barnahópnum oftast í tvennt eða þrennt og nýttum leikrýmin á deildinni, notuðum auk þess torg og listasmiðju. Áhugi barnanna snérist mikið um styttingu t.d. úr viðarkubbum en einnig að klippa út, líma á og mála og skreyta þær. Til þess að ýta undir og auðga sjálfssprottinn leik var starfsfólk duglegt við að koma fyrir kveikjum og hefur starfsfólk deildarinnar jafnframt styrkt sig sem þátttakendur í leik barnanna.

Starfsfólk deildarinnar er meðvitað um að nýta tækifæri sem gefast til málörvunar. Sögustundir á Torginu voru reglulega þar sem bókum var varpað upp á tjald með skjávarpa. Þetta kveikti aukinn áhuga á bókalestri og börnin komu oft með bók að heiman. Einnig var áberandi að sjálfssprottinn leikur barnanna auðgaðist mikið við bókalesturinn. Bækurnar gáfu líka tækifæri til þess að skoða tungumálið nánar og leika sér með það. Forvitni barnanna vaknar og þau spyrja oft t.d. um það hvað ákveðin orð þýða.

Gott vald á tungumáli er lykilatriði þegar kemur að félagsfærni, sem er eitt mikilvægasta verkfæri hvernar manneskju í lífinu. Börn æfa sig í samskiptum og félagsfærni í skólanum og starfsfólk leiðbeinir í öllum aðstæðum. Börnin eru hvött til þess að biðja um hlut með orðum “má ég fá?” í stað þess að taka af og þannig beint að samtali í stað ágreinings. Mikil áhersla er lögð á almenn kurteisi eins og það að bjóða góðan daginn, svara, þakka fyrir sig og segja “gjörðu svo vel”. Börnin eru hvött





til þess að sýna samkennd í verki í formi tillitssemi, hjálpsemi og virðingar. Starfsfólk leggur svo áherslu á að bregðast strax jákvætt við góðri hegðun barns til þess að festa hana í sessi.

Farið var reglulega í vettvangsferðir og börnin voru fljót að tileinka sér ferðareglur, eins og það að ganga í röð. Áfangastaðir hafa helst verið í nágrenni skólans, oftast í fjöruna en líka á leikvelli hverfisins eða í strætó að heimsækja aðra staði í borginni. Oft koma börnin með hugmyndir eða uppgötva eitthvað á leiðinni, þá má ekki gleyma að það er leiðin sem er markmiðið en ekki áfangastaðurinn.

- Jolanta Ewa Decewicz, deildarstóri á Suðurhlíð





6 Umbótaáætlun Suðurhlíðar

Suðurhlíð /3-4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfsfelling
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að auka sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum, s.s. í fataherbergi og í matartímum og í samskiptum við börn og fullorðna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk hvetji börnin sjálfshjálpar. Þau skammti sér sjálf, þjálfar þau í að nota hnífapör og skera matinn sjálf, klæða sig sjálf fyrir útiveru, taka saman eftir leik, verða sjálfbjarga á salerni og við handþvott. Hvetja börnin til að standa með sjálfum sér, tjá tilfinningar sínar og skoðanir með orðum og leysa ágreining á uppbyggilegan hátt.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – September 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræðumat á deildarfundum. Rýnihópur barna. Í foreldrasamtölum,

Suðurhlíð/3-4 ára	
Tækifæri til umbóta- Að hverju er stefnt?	Markvissari hópaskipting í starfi með börnunum. Minni barnahópar saman. Skapa meira næði utan um börnin. Málörvun, lestur, leikur Nýta rými leikskólans betur, inni og úti.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa tvískipta úti- og inniveru, t.d. miða við árganga og eða börn sem sofa/sofa ekki. Skapa þannig rými og næði fyrir litla hópa á fleiri stöðum samtímis; s.s. til sjálfshjálpar í fataherbergi, samverustund á deild á sama tíma. Eftir að





	einn barnahópur er farinn út; samverustund, lestrarstund, sjálfsprottinn leikur, flæði, hreyfistund ofl á deild, Torgi, í Listasmiðju Að hafa fleiri litla hópa í samverustundum, sem þurfa þó ekki að vera á sama tíma.
Ábyrgð	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – September 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræðumat á deildarfundum. Rýnihópur barna, foreldrasamtöl. Skráningar, myndatökur, myndbandsupptökur.



7 Innra mat Lambhóls 2024-2025

Haustið 2024 færðust fjögur börn yfir á Lambhól frá Görðum. Sjö ný börn í aðlögun í lok ágúst og byrjun september, og stuttu síðar bættust við þrjú börn í hópinn. Þá voru tveir deildarstjórar sem deildu stöðunni og gekk samstarf mjög vel.

Barnahópurinn samanstóð því af fjórtán börnum yfir haustið. Í byrjun árs 2025 flutti ein stúlka, sem gerði það að verkum að börnin voru þrettán í nokkurn tíma, þar til tvö börn bættust við að vori. Fjöldi barna í lok skólaárs á Lambhóli var því fimmtán börn. Stúlkur voru í meirihluta á deildinni, eða ýmist níu stúlkur og fimm strákar fyrir áramót - og níu stúlkur og sex drengir eftir áramót. Aldursbil var nokkuð jafnt, þar sem 10 mánuðir og 20 dagar voru á milli yngsta barns og elsta á deildinni.

Hádegismatur barnanna var klukkan 11:15 og þá borðuðu börnin á Torginu og sátu með kennara sem skammtaði þeim og aðstoðaði eftir þörfum. Flest barnanna fóru inn í hvíld í byrjun skólaárs og voru þau börn sem vöktu ýmist inni á deild í rólegum leik eða fóru inn á Suðurhlíð. Vökuhópurinn stækkaði hratt og þá var ljóst að breytingar þurfti að gera á dagskipulagi. Þær breytingar skiluðu sér í því að hádegismatur er á torginu frá 11:10 þar sem er flæði sem eldri börn taka svo þátt í kringum 12. Börnin geta þá bæði tekið sér þann tíma sem þau vilja og þurfa til að sitja, og þau börn sem klára matinn fyrr þurfa ekki að bíða eftir öðrum börnum heldur geta farið beint inn á deild í leik. Flæðið hentar vel fyrir þennan aldur. Útivera færðist frá litla garði yfir í stóra garð með nýja dagskipulaginu.

Áhersla var lögð á læsi, leik og lýðræði. Einnig var lagt upp með að hafa opin samskipti inn á deildinni og virðingu að leiðarljósi í þeim. Hreyfing, flæði, sköpun og umhverfi voru einnig áherslupunktur. Málörvun er mikilvæg sérstaklega við þennan aldur og *Lubbi finnur málbeinið* var mikið notað. Þá var bókin notuð og lög spiluð, en einnig efniviður úr sérkennslu t.d. spjöld o.fl. Þegar lengra hafði liðið á skólaárið vildum við leggja áherslu á vináttu, og þá notuðum við *Blæ*, og þá helst spjöldin um mismunandi aðstæður og ágreininga. Mikill áhugi var fyrir því og börnin lærðu þar verkfæri t.d. við að sýna samkennd og hvernig maður getur verið til staðar fyrir vini sína. Við hvöttum foreldra einnig til að koma með bækur að heiman, sem börnunum þótti gaman að sýna vinum sínum og stundum voru þær lesnar í samverustundum. Skapandi starf fór fram að miklu leyti inn á deild en einnig fórum við oft fram á Torg eða inn í listasmiðju í litlum hópum. Áhugi var mikill á tímabili fyrir því að klippa, svo að líma, og að leira og mála var alltaf jafn vinsælt. Deildin var vel skreytt með listaverkum frá börnunum og varla veggpláss fyrir. Vettvangsferðir voru ekki margar en þegar fór að vora fórum við í fjöruferðir og á ærslabelginn.



Styrkleikar

Styrkleikar innan deildarinnar skólaárið 2024 – 2025 liggja helst í rólegu og góðu andrúmslofti, traustu og góðu samstarfi starfsmanna og foreldra, og umhyggju, hlýju og þolinmæði gagnvart börnum. Aðstæður voru breytilegar yfir skólaárið, en þeim var tekið af yfirvegum og áskorunum mætt með mýkt og hæglæti. Sveigjanleiki var mikilvægur til að mæta ólíkum þörfum og unnið var vel saman að því sem var best fyrir heildina. Jákvæðni var höfð í fyrirrúmi og samheldni góð.

Tækifæri

Tækifærin fyrir Lambhól liggja helst í að leggja áherslu á umhverfi og leik og einnig mætti nýta útiveru og vettvangsferðir betur í útikennslu og tengingu við náttúruna, og koma með efnivið úr umhverfinu inn á deild. Hafa efnivið og undirbúið efni sem vekur upp undrun og áhuga. Einnig er mikilvægt að styðja við þau í leik, t.d. hlutverkaleik, sérstaklega að hausti þegar þau eru að kynnast hvoru öðru og deildinni.

-Hrafncatla Líf Kolbrúnardóttir og Anna Önfjörð, deildarstjórar á Lambhóli





8 Umbótaáætlun Lambhóls

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Leikur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Lögð var áhersla á að skapa rými fyrir frjálsan leik og að leikur væri á forsendum barnanna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Kveikjur fyrir leik, huga að umhverfi sem styður við leik barnanna.
Ábyrgð	Deildarstjóri, en líka starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Júní 2025 - Maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ræða uppeldisfræðilegar skráningar á deildarfundum. Skráningar við leik, uppeldisfræðilegar skráningar.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Vettvangsferðir
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Markvissari vettvangsferðir, áhersla á tengingu barnanna við náttúruna.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Meiri undirbúningur og skipulag á bakvið ferðir.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Júní 2025 - Maí 2026





Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Meta á deildarfundum, uppeldisfræðilegar skráningar úr ferðunum, ræða við börnin í samveru
--	---

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Sjálfhjálp og valdefling
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Hvetja börnin til sjálfstæði í matartímum, setja sjálf á disk, smyrja sjálf, ganga sjálf frá. Hvetja börnin til að klæða sig sjálf í útiföt og úr útifötum, bjóða þeim lokað val (viltu bláa eða gula húfuna?), hvetja þau til að biðja um aðstoð og aðstoða hin börnin.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ræða við börnin um sjálfhjálp, hjálpa þeim til sjálfhjálpar aðstoða en ekki gera fyrir þau. Fara í fataklefa í smærri hópum og gefa sér tíma.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 - júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rætt á starfsmannafund um hvernig gengur og hvað má betur fara

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun





Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Örva máltöku barna á fjölbreyttan hátt: Sögulestur, söngur, frásögn, þulur og vísur
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Skipulega áætlun um hvaða starfsmaður er með samveru og að hann gefst tíma til að undirbúa sig
Ábyrgð	Aðallega deildarstjóri, en líka starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 - júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rætt við starfsfólk á deildarfundum

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Uppeldisfræðilegar skráningar
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Skipulega skrá faglegt starf/leik barna þannig að nám barna verði sýnilegt
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útbúa og nota skipulega skráningarblöð fyrir uppeldisfræðilegar skráningar
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2025 – júní 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Meta á deildarfundum



9 Innra mat Garða

Veturinn 2024-2025 voru börnin 11 talsins meiri hluta vetrar en urðu samtals 12 í apríl. Þá breikkaði aldursbilið töluvert, úr 6 mánuðum yfir í 18 mánuði. Einn starfsmaður var allan veturinn með barnahópnum, en deildarstjórinn fór í veikindaleyfi og nýr tók við af honum í lok janúar.

Mikil áhersla var lögð á sjálfseflingu barnanna, með sérstakri áherslu á fataherbergið og matartímann. Eftir matartímann gengu börnin frá eftir sig, sköfuðu matarafgöngum í matardalla, stöfluðu diskum og glösum og gengu frá smekkjum. Í fataherberginu voru börnin hvött til þess að klæða sig sjálf í og úr útifötum. Þar sem snagarnir eru of hátt uppi fyrir yngstu börnin fengu þau aðstoð starfsfólks við að hengja upp eftir útiveru en röðuðu alveg sjálf skónum sínum í skógrind.

Daglegt starf einkenndist af tíðum lestri bóka. Börnin höfðu aðgengi að harðspjalda bókum og skoðuðu ýmist saman eða með kennara. Bæði var lesið í frjálsum tíma og í samverustundum. Þar sem aldursbilið í barnahópnum var ansi breitt voru tvískiptar samverustundir. Eins var daglega sungið í skipulögðum og óskipulögðum stundum. Mikil áhersla var lögð á að efla hljóðkerfisvitund barnanna, þar sem atkvæði voru klöppuð og málhjóðin lögð inn. Barnahópurinn er sérstaklega taktviss og eiga þau í minnstu vandræðum með að klappa atkvæði flestra orða.

Sett voru upp nokkur skapandi flæði á torginu í lok vetrar fyrir yngstu börn leikskólans. Börnin nutu sín flest vel í þeim skapandi verkefnum sem voru á boðstólnum, en spurning er að hafa færri börn í einu næsta vetur svo að allir geti notið sín enn betur.

Styrkleikar:

Við höfum skapandi efnivið sýnilegan inni á deild svo að börnin geti óskað sjálf eftir honum og þannig haft áhrif á eigið nám.

Við gefum börnunum tíma í fataherberginu til þess að reyna sjálf að klæða sig.

Við höfum tvískiptar samverustundir til að koma til móts við ólíkar þarfir og aldurshópa.

Tækifæri:

Til að styðja enn frekar við sjálfseflingu barnanna væri ráð að fá útiföt sem leikefni og þá gefst börnunum tækifæri til að æfa færnina í gegnum leik.

Halda áfram að tvískipta barnahópnum í samverustundum. Efla enn frekar gæði þeirra með fræðslu fyrir allt starfsfólk deildarinnar frá sérkennsluteymi Sæborgar.

Efla skapandi starf deildarinnar enn frekar með reglulegri uppsetningu á skapandi flæði á torgi.



Gefa börnunum meiri tíma og rými í daglegu starfi, hvort sem það er í leik, fataherbergi, matartímanum, útiveru eða klósettferðum.

-Oddný Heimisdóttir, deildarstjóri á Görðum





Umbótaáætlun Garða 2025-2026

Garðar 1-2 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Valdefling í fataherbergi
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Styðja við valdeflingu í fataherbergi
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa leikföt inni á deild og fara í litlum hópum í fataherbergi
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júlí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Aukin gæði samverustunda
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla allt starfsfólk í samverustundum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Allt starfsfólk fær fræðslu og undirbúning
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Sept 2025 – júlí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum





Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hæglæti
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Vera enn meira meðvituð um að hægja á og gefa meiri rými og tíma fyrir leikinn og hafa sveigjanleika í dagskipulaginu
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Staldrá við, undrast og uppgötva með börnunum. Gefa meiri tíma í leik, fataherbergi, matartíma.
Ábyrgð	Deildarstjóri og starfsfólk deildar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2025 – júlí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Umræður á deildarfundum, aðra hverja viku.

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Flæði
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Kynna yngstu börnunum fyrir skapandi flæði á torginu
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Stefna á 1x í viku
Ábyrgð	Deildarstjóri og flæðisteymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	janúar 2026 -maí 2026
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ljósmyndir og skráningar





10 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Stefnt er að því að leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri hafi starfsþróunarsamtöl við allt starfsfólk 2x á ári, í október og mars.

Fyrirhuguð fræðsla til starfsfólks:

Fræðsla um lærdómssamfélög og teymisvinnu.

Fræðsla um málörvun.

Fræðsla um ADHD og erfiða hegðun.

Einnig er ætlunin að fá Kristínu Hildi Ólafsdóttur, verkefnastjóra hjá SFS, í lið með okkur í vinnunni við uppfærslu námskrár.

Við munum sækja leikskólaráðstefnuna í febrúar.

11 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Samstarf okkar og Melaskóla hefur falið í því að elsta árganginum okkar er boðið í heimsókn í Melaskóla í apríl. Við höfum áhuga á meira samstarfi og ætlum að stinga upp á fundi um það á næsta skólaári.

12 Foreldrasamvinna

Foreldrafélag Sæborgar heldur aðalfund að hausti og er þá kosin ný stjórn. Félagið skipuleggur sveitaferð að vori og greiðir fyrir sumarhátíð og jólaleikrit.

Í foreldraráði Sæborgar sitja nú þrír fulltrúar. Skólastjórnendur funda með foreldraráði 1-2 sinnum á skólaári, auk tölvupósts samskipta þegar þarf. Foreldraráð gefur umsögn um starfsáætlun.

Skipulögð foreldrasamtöl fara fram tvisvar á skólaári, að hausti og vori -sjá skóladagatal

Allar deildir halda kynningarfund um vetrarstarfið - sjá skóladagatal





Á næsta skólaári ætlum við að bjóða nýjum foreldrum í samtal í vikunni áður en barnið byrjar, í stað þess að hafa kynningarfund fyrir alla að hausti. Þá munu foreldrar setjast niður með deildarstjóra og leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra, fá upplýsingar um skólann, skrifa undir dvalarsamning og fylla út aðra pappíra.

13 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2025-2026 eru eftirfarandi:

22. Ágúst 2025

2. október 2025, sameiginlegur með Melaskóla

7. nóvember 2025

6. febrúar 2026, sameiginlegur með Melaskóla

23. Mars 2026

4. maí 2026, sameiginlegur með Melaskóla

14 Fylgiskjöl

15.1 Umsögn foreldraráðs

15.2 Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar, upplýsingar til foreldra

15.3 Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar, hæstu og lægstu 5 meðalskor

15.4 Skóladagatal 2025-2026

15.5 Niðurstöður umræðuhópa barna

F. h. leikskólans Sæborgar,

Hafdís Svansdóttir
Leikskólastjóri

23.06.2025
Dagsetning





Fylgiskjal 1

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Já, starfsáætlunin byggir áfram á stefnu síðasta árs með áherslu á flæði, hæglæti, félagsfærni barna og útikennslu. Þessir þættir hafa verið rauður þráður í starfinu og halda áfram að móta daglegt starf leikskólans.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Já, hún er bæði aðgengileg og auðlesanleg, með skýrri framsetningu á áherslupáttum, umbótaáætlunum og mati.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Já, hún gefur góða innsýn í skipulag og áherslur leikskólans og gerir foreldrum kleift að fylgjast með þróun og umbótum í starfinu.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Foreldraráð hefur engar verulegar athugasemdir að þessu sinni en vill leggja fram eftirfarandi athugasemdir:

- Við fögnum áframhaldandi áherslu á flæði og hæglæti og hvetjum til áframhaldandi mats á hvernig þessi nálgun nýtist öllum aldurshópum, sérstaklega hjá yngstu börnunum.
- Við mælum með að niðurstöður innra mats og rýnihópa barna verði gerðar sýnilegri fyrir foreldra reglulega yfir árið.
- Við hvetjum til áframhaldandi þróunar á útikennslu.

Fulltrúar í foreldraráði:

Hrafnhildur Ómarsdóttir

Sæmundur Rögnvaldsson

Björk Þorgrímsdóttir





Fylgiskjal 2

Foreldrakönnun Reykjavíkurborgar 2025



Upplýsingagjöf


Leikskóli

Sæborg




Er upplýsingagjöf varðandi hvað er á döfinni í leikskólanum of lítil, hæfileg eða of mikil?

● Hlutfall svara ● Hlutfall svara Reykjavík



Upplifir þú að þú fái greinagóð svör við spurningum þínum um leikskólastarfið?

● Hlutfall svara ● Hlutfall svara Reykjavík



Hvað myndir þú helst vilja fá meiri upplýsingar um?

Daglegt starf. Viðfangsefni fræðslu/menntunar.

Skipulag vel fram í tímann ef eitthvað stendur til svo hægt sé að skapa meiri stemmningu heima fyrir. Aðgengilegri aðgang að starfsáætlun

Starfsmannamál, t.d. breytingar á starfsfólki hvort sem er nýtt starfsfólk/fri/breytingar. Almennt að upplýsingar berist fyrir. Einnig fá meiri og oftar upplýsingar um hvað börnin eru að gera





Fylgiskjal 3

Helstu niðurstöður foreldrakönnunar Reykjavíkurborgar 2025



Fylgiskjal 4

Leikskóladagatal 2025-2026

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

Sæborg

AUGUST			SEPTEMBER			OCTOBER			NOVEMBER			DECEMBER			JANUARY			FEBRUARY			MARCH			APRIL			MAY			JUNE			JULY				
1	F		1	M		1	M		1	L		1	M		1	M		1	L		1	M		1	M		1	L		1	M		1	M			
2	L		2	P		2	F	Shengdu	2	S		2	S		2	P		2	M		2	M		2	M		2	M		2	M		2	F			
3	S		3	M		3	F		3	M		3	M		3	M		3	P		3	P		3	P		3	P		3	P		3	F			
4	M	Festau vestuarina	4	F		4	L		4	P		4	P		4	F		4	M		4	M		4	M		4	M		4	M		4	L			
5	P		5	F		5	S		5	S		5	M		5	F		5	F		5	F		5	F		5	F		5	P		5	S			
6	M		6	L		6	M	FestauamB	6	F		6	F		6	L		6	phedum		6	F		6	F		6	F		6	M		6	M			
7	Op	de ameli	7	S		7	P	FestauamS	7	F	Shengdu	7	S		7	M		7	Dapvisevone		7	L		7	L		7	P		7	Shengduam	7	P		7	S	
8	F		8	M		8	M	FestauamL	8	L	Bathdu gorchel	8	M		8	F		8	S		8	S		8	S		8	P		8	M		8	M			
9	L		9	P		9	F	FestauamG	9	S		9	P		9	F		9	M		9	M		9	M		9	F		9	F		9	F			
10	S		10	M		10	F		10	M	FestauamB	10	M		10	L		10	P		10	P		10	P		10	F		10	S		10	S			
11	M		11	F		11	L		11	P	FestauamB	11	F		11	S		11	Shengdu		11	M		11	M		11	L		11	L		11	L			
12	P		12	F		12	S		12	M	FestauamB	12	F		12	M		12	F		12	F		12	F		12	S		12	P		12	S			
13	M		13	L		13	M		13	M	FestauamB	13	L		13	P		13	F		13	F		13	F		13	M		13	M		13	M			
14	F		14	S		14	P		14	F		14	S		14	M		14	L		14	L		14	L		14	P		14	P		14	P			
15	F		15	M		15	M		15	L		15	M		15	F		15	S		15	S		15	S		15	M		15	F		15	M			
16	L		16	P		16	F	Dapvisevone	16	F		16	S		16	F		16	M		16	M		16	M		16	F		16	F		16	F			
17	S		17	M		17	F		17	M		17	M		17	L		17	P		17	P		17	P		17	F		17	S		17	S			
18	M		18	F		18	L		18	P		18	F		18	S		18	M		18	M		18	M		18	L		18	M		18	L			
19	P		19	F		19	S		19	M		19	F		19	M		19	F		19	F		19	F		19	S		19	P		19	S			
20	M		20	L		20	M	FestauamG	20	F	Dapvisevone	20	L		20	P		20	F		20	F		20	F		20	M		20	M		20	M			
21	F	Liberté de la page	21	S		21	P	FestauamG	21	F		21	S		21	M		21	L		21	L		21	L		21	P		21	P		21	S			
22	S	Shengdu	22	M		22	M	FestauamG	22	L		22	M		22	F		22	Shengdu		22	S		22	S		22	M		22	M		22	M			
23	L		23	P		23	F	FestauamL	23	S		23	P		23	F		23	Shengdu		23	L		23	L		23	P		23	P		23	F			
24	S		24	M		24	F	Shengdu	24	M		24	M		24	P		24	P		24	P		24	P		24	S		24	M		24	F			
25	M	Adapvisevone	25	F		25	L	Shengdu	25	P		25	F		25	M		25	M		25	M		25	M		25	L		25	M		25	L			
26	P		26	F		26	S		26	M		26	F		26	F		26	F		26	F		26	F		26	P		26	P		26	P			
27	M		27	L		27	M	Shengdu	27	F		27	L		27	P		27	F		27	F		27	F		27	M		27	M		27	M			
28	F		28	S		28	P	Shengdu	28	F		28	S		28	M		28	L		28	L		28	L		28	P		28	P		28	P			
29	F		29	M		29	M	FestauamL	29	L		29	M		29	M		29	M		29	M		29	M		29	F		29	M		29	M			
30	L		30	P		30	F	FestauamL	30	S		30	P		30	F		30	P		30	P		30	P		30	L		30	P		30	F			
31	S		31	F		31	F		31	F		31	F		31	F		31	S		31	S		31	S		31	S		31	F		31	F			

Í reglum um leikskólabjónustu segir:

[illegible]



Fylgiskjal 5

Umræðuhópar barna um flæði á Torginu

Tveir 4ra barna hópar úr árgangi 2020, af deildunum Suðurhlíð og Brúarenda.

Hópur 1: einn strákur, þrjár stelpur.

K: Hvað er flæði?

B: Það er svona sem krakkarnir má leika sér. B: Já, út á torgi. B: og það má líka mála þar og gera, lita og svoleiðis. B: og leira. B: Já auðvitað. B: og leika með demanta og...

K: Já er það það sem gerist í flæði? Er eitthvað fleira sem gerist í flæði?

B: Og líka stundum danspartý, þá gæti maður dottið. Það má líka svo dansa og þannig. En ef maður sér ekki neitt þá gæti maður dottið á hausinn þegar maður sér ekki hinn og hinn sér hann ekki heldur og þá gæti þeir klesst og einn dottið á hausinn... B: já og þeir skallast saman kannski.

K: Hvernig líður ykkur í flæði?

B: Bara svo skemmtilega. B: Jáh. B: MJÖÖÖÖG vel. B: Jááááá (einróma) B: mér fannst fyrst skemmtilegast að mála og lita. B: Já svo leik ég mér. B: Mér fannst skemmtilegast fyrst að leira B: Vel. B: vel. B: bara vel. B: Ótrúlega ! ég ER bara glöð ! B: Já. B: vel. B: Já já. B: já. B: Já

K: Er eitthvað, sem er óþægilegt þegar þið eruð í flæði? Og hvað gerið þið þá?

B: Já stundum þegar maður er í kremjustólum. (meinar þegar er mjög þröngt). B: Jáá
B: Við viljum hafa stóla í flæði til að setjast, en við finnst óþægilegt að setjast á gólfið og þurfa að leika. B: Já þá bara breytum við því. B: Já, einu sinni þegar ég var flæði þá kíkti ég undir ljósaborðið sem er hjá hurðinni og þá sá ég koll til að setjast á.

K: Hvað finnst ykkur skemmtilegt að hafa í flæði?

B: Bara að leira. B: Leika með demanta. B: Mér finnst gaman að leira

B: Mér finnst allt gaman. B: mér finnst allt gaman

K: En er eitthvað sem er leiðinlegt að hafa í flæði?

B: Neibb. B: ne. B: Ef það er bara að lita og teikna og mála, líka ef maður fær ekki að leira.

B: Sumum finnst það ekki gaman að leika í flæði með demanta

K: Já sumum finnst það ekki

B: Ekki mér heldur. B: Mér finnst það ekki gaman. B: Mér finnst það mjög gaman

B (sama barn): Ég er með demantaði !

K: svona er þetta, við erum nefnilega ekki öll eins. Segir við barn sem hafði reynt að segja eitthvað en ekki komist að : hvað ætlaðir þú að segja? þú varst að segja eitthvað, ég missti af því.

B: mmm ég gleymdi því, stuttu seinna: Núna man ég það, ehh mér finnst gaman að leika með demanta. B: en mér finnst gaman að vera úti að leika í sumarhátíð

K: já ég trúi því, bráðum verður sumarhátíð, eftir tvo daga.

B sýpur hveljur af spenningi, eftir tvo daga?

K: Hvað er mikilvægt að hafa í huga á meðan flæðið er? þarf að hafa reglur í flæði?

B: Já, uhu....reglur sem kennarar segja.

K: Finnst ykkur að kennarar eigi bara að ákveða reglurnar?

B: Jááá

K: Ef þið fáíð hugmyndir um að breyta, eða gera einhverjar nýja reglu ? megið þið segja frá því?





B: lítil viðbrögð...uml

K: Fáíð þið að ákveða eitthvað um hvað er í flæði? eins og þið voruð að segja áðan að ykkur fundist svo gaman að hafa leir...segið þið þá heyrðu ég er með hugmynd, höfum leir í fæðinu.

B: Nei

K: aldrei? segir við annað barn sem er að taka til máls: hvað segirðu?

B: Við fáum samt að ráða hvaða lit við ætlum að gera á fuglinn....þau eru nýbúin að vera í fuglaverkefni...

K: Já það er gott, en ég meina hvort þið megið koma með hugmyndir, getum við haft svona í flæðinu. Hvað segja kennararnir þá...? Segja þeir kannski Já, góð hugmynd eða...

B: já eða bara nei

K: En þegar þið eruð í flæði, finnst ykkur þið fáíð ekki nægan tíma?

B: Jú. B: Já. B: Já Já auðvitað. B: Já, öll einróma

K: en gaman að heyra það, þá vitum við að þið fáíð bara nægan tíma

K: Er eitthvað einhver sem truflar þig þegar þú ert í flæði?Hvað?

B: til dæmis þegar við erum í flæði og einhver kemur og labbar en vill ekki leika.

K: En finnst ykkur þurfa að breyta einhverju í flæði? Eða finnst ykkur það bara fínt?

B: Já. B: Það er smá leiðinlegt ef einhver kemur sem er ekki vinur okkar.

K: Er eitthvað sem þið viljið spyrja mig um að lokum?

B: Megum við fara í heimsókn á Garða?

Hópur 2. Tvær stelpur, tveir strákar.

K: Þegar þið farið í flæði fram á torg, hvað gerist þá

B: Ef maður vill tala, þá gerir maður svona (réttir upp hönd) B: Ég hef farið í flæði heima hjá mé

K: útskýrir betur, þegar þið farið á torgið og það er búið að setja alls konar á torgið g svona.

B: já, þá má maður velja hvað maður vill gera. B: og maður má skipta. B: maður er að ná í eitthvað. B: Eitthvað sem maður elskar, Jólátré....ég veit ekki hvað ég er að tala um.

B: telur upp; það má velja, mála. vera með froðu, leira og alls konar

B: Mér finnst gaman að leira. B: Mála. B: Ég er að hugsa. B veit það ekki, bara allt

K: En þegar þið eruð í flæði, hvernig liður ykkur þá?

B: Gott. B: smá vel. B: Vel

K: Við eitt barnið, en þér? Þú sagðir áðan að þér finnist gaman að mála, liður þér vel þá.

B: kinkar kolli. B: Mér finnst gaman að leira OG lita

K: en er eitthvað óþægilegt þegar þið eruð í flæði?

B: mér finnst óþægilegt að stíga á mig, lemja mig...

K: hvað getur maður gert þá? ef eitthvað óþægilegt gerist, einhver stígur á mann....

B: þá segir maður þeim hættu. B: en ef einhver bítur...Þá grátar maður..

B: ég get líka berja...(kennari kemur með athugasemd um að það megi ekki). hikar...en bara þegar það eru dýr, þegar riddarar eru að berjast við einhver dýr

K: En hvað er mikilvægt í flæðinu? Eru reglur í flæði? t.d. má vera með mikinn hávaða? Er eitthvað sem truflar?

B: Það truflar að öskra

K: Finnst ykkur að þið eigið að fá að ákveða eitthvað um hvað er í flæðinu?

B: Jú. B: (talar lágt) eh....mér finnst við eigum líka að ráða hvað við gerum.





K: útskýrir að þau verði elst á næsta skólaári og fái ábyrgðarhlutverk sem þau muni fá, þ.á.m. að ákveða og undirbúa flæðið.

B: Fáum við þá ekki að skipta? B: Mér finnst gaman að gera alls konar.

K: Finnst ykkur þið fá nægan tíma í flæði, er alveg passlegur tími?

B: já. B: Langar líka að hafa skraut, langar að hafa blöðrur upp í lofti

K: Nú eruð þið búin að búa til skraut fyrir sumarhátíðina, sem er eftir tvo daga.

B: bendir á jólaskraut sem er ennþá í glugganum þó komið sé sumar. Það vakti mikinn hlátur

K: Viljið þið spyrja mig um eitthvað, í sambandi við flæði, eitthvað sem ykkur langar að vita?

B: ég veit ekki.

Eitt barnið byrjar að teygja úr sér, allir taka þátt í því og teygja sig eins og kettir.

Góður endir það, á skemmtilegum umræðum.



